

## Jafnréttisstefna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

Það er stefna HVE að gæta fyllsta jafnréttis milli karla og kvenna sem starfa á stofnuninni. Óheimilt er að mismuna starfsfólki eftir aldri, kyni, ætterni, efnahag, stjórn mála- eða trúarskoðunum. Markmið jafnréttisstefnunnar er að stuðla að jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr.10/2008. Þetta á m.a. við um rétt til starfa, kjara, símenntun, endurmenntun, aðstöðu og setu í nefndum og ráðum.

### Framkvæmd

Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum er gerð út frá jafnréttisstefnu HVE. Áætlunin inniheldur markmið í samræmi við jafnréttislög og leiðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19. –22. gr. laganna.

Aðgerðaráætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti en í upphafi hvers árs skal farið yfir mælikvarða og árangur liðins árs metinn.

### Ábyrgð

Forstjóri HVE ber ábyrgð á endurskoðun jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun. Við ráðningu nýrra starfsmanna skal jafnréttisstefna HVE kynnt. Stjórnendur á HVE bera ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt, hver fyrir sína starfsmenn.

Tilvísun: [Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008](#)

Samþykkt af framkvæmdastjórn HVE 5. desember 2012

Endurskoðað og breytt af framkvæmdastjórn HVE 7. júní 2017